



28. febrúar 2023

Tilv.: 2302152

Dreifibréf nr. 6/2023
til fjármálafyrirtækja og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Heimild til að telja hagnað samkvæmt ósamþykktu árs- eða árshlutauppgjöri til almenns eigin fjár þáttar 1

Til að stuðla að samræmdri eftirlitsframkvæmd varðandi heimild fjármálafyrirtækja til að telja hagnað samkvæmt ósamþykktu árs- eða árshlutauppgjöri til almenns eigin fjár þáttar 1 telur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands rétt að koma eftirfarandi skýringum á framfæri.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sbr. 1. gr. c laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þarf fjármálafyrirtæki fyrir fram heimild fjármálaeftirlitsins til að telja hagnað samkvæmt árs- eða árshlutauppgjöri með í almennum eigin fé þáttar 1 áður en hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur tekið formlega ákvörðun til staðfestingar endanlegum hagnaði eða tapi fyrirtækisins. Formleg ákvörðun fjármálafyrirtækis í þessu sambandi er staðfesting aðalfundar á hagnaði eða tapi fjárhagsársins, sbr. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.¹

Fjármálaeftirlitið skal veita heimildina að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

- a) hagnaðurinn hefur a.m.k. verið kannaður af aðilum sem eru óháðir fjármálafyrirtækinu og bera ábyrgð á endurskoðun reikningsskila þess,²
- b) fjármálafyrirtækið hefur að mati fjármálaeftirlitsins sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að fyrirsjáanlegar arðgreiðslur eða gjöld hafi verið dregnar frá fjárhæð hagnaðarins.

Með fyrirsjáanlegum arðgreiðslum eða gjöldum vísast til 2. og 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014, um viðbætur við CRR að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækja, sbr. reglur nr. 1162/2022, um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni.

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér framangreind lagaskilyrði og taka mið af þeim óski þau heimildar til að telja hagnað samkvæmt ósamþykktu árs- eða árshlutauppgjöri til almenns eigin fjár þáttar 1.

¹ Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Single Rulebook, Q/A 2013-208, svar fyrst birt 06.12.2013 og endurskoðað 26.03.2021 (https://www.eba.europa.eu/single-rule-book-qa/-/qna/view/publicId/2013_208).

² Könnun á hagnaði samkvæmt árs- eða árshlutauppgjöri skal veita nægjanlega vissu um að hagnaðurinn hafi verið metinn í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

Fjármálaeftirlitið mun styðjast við framangreint í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga og reglna sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

